

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. janúar 2014
Tilvísun: UST20131100101/ksj

Tillaga að deiliskipulagi Akstursíþróttá- og skotsvæðis í Glerárdal.


Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi akstursíþróttá- og skotsvæðis í Glerárdal.


Áhrif á hljóðvist og gróður

Í fyrri umsögnum um ofangreinda stækkun á akstursíþróttá- og skotsvæði á Glerárdal hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á að neikvæð umhverfisáhrif á hljóðvist séu ekki meiri en svo að áfram verði hægt að stunda aðra útivist s.s. hestaíþróttir, göngur og einnig ferðamennsku í nágrenni akstursíþróttá- og skotsvæðisins. Einnig hefur stofnunin lagt áherslu á að við uppgræðslu verði aðallega notaðar staðargróður til að halda ásýnd svæðisins. Í greinargerð með breytingartillögunni er fjallað um hljóðvist og mótvægisáðgerðir þær sem gert er ráð fyrir til að bregðast við neikvæðum áhrifum á hljóðvist.

Varðandi gróður kemur fram að talið er að framtíðarnotkun KKA aksturssvæðisins muni hafa neikvæð áhrif á gróðurfar. Einnig kemur fram að framkvæmdir á svæðinu muni hafa í för með sér landslagsfrágang og víðtæka uppgræðslu með grasi og trjágróðri. Umhverfisstofnun bendir aftur á að þar sem aksturssvæðið er í nágrenni svæðis á náttúruminjasvæðis og þar sem útivist er mikið stunduð á nálægðum svæðum, þá sé mikilvægt að áhersla sé lögð á nýtingu staðargróðurs við uppgræðslu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun